

Reykjavík, 27. nóvember 2014.

Til Velferðarnefndar Alþingis.

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.; þingskjal 39.

Fagfélag félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu styður að lögð verði fram þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og leggja áherslu á að sem flestar heilbrigðisstéttir komi að þeirri vinnu. Jafnframt er vakin athygli á að félagsleg úrræði séu samofin umræðunni við þessa áætlanagerð og uppbyggingu í þjónustu við aldraða.

Í því sambandi vill fagfélagið benda á mikilvægt er að líta á heildarmyndina og ekki bara það sem snýr að heilbrigðiskerfinu og bendir á að búsetuform aldraða hefur mikið að segja um hvernig líf þeirra er. Styðja þarf við fólk á heimilum sínum svo lengi sem hægt er með aukinni áherslu á heimaumönnun og og setja fram skýr og mælanleg markmið þar um s.s um mannafla og fjölda vinnustunda.

Ávinningurinn er líka fyrir eldri borgara að halda sjálfstæði sínu og sjálfræði sem lengst og ráða þannig yfir sínum málum og halda fjárráðum sínum.

Fagfélagið veltir fyrir sér hvar áherslurnar eigi að vera, hvort byggja eigi dýr hjúkrunarrými eða hvort áherslan eigi frekar að vera á að efla þjónustuíbúðir þar sem fólk fær þjónustu og býr við öryggi og getur fengið þá heimaumönnun sem það er í þörf fyrir. Eftirspurn eftir þjónustuíbúðum er mikil og þarf framboð á þjónustuíbúðum að vera þannig að það mæti öllum sem óska eftir þannig búsetuformi.

Efla þarf kerfi hvíldarinnlagna sem koma til móts við veikasta fólkið og gera því kleift að vera lengur í heimahúsum.

f.h. fagfélags félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu,



Margrét Sigrún Jónsdóttir, formaður.